



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins



Samtök verslunar og þjónustu  
Federation of Trade & Services

Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2008

**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp til laga um efni og efnablöndur, EES reglur, 431. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu styðja þá leið sem hér er valin að setja í lög nauðsynlegar heimildir til að innleiða texta REACH reglugerðar ESB. Það er umfangsmikið verk að innleiða hana alla og fella jafnhliða úr gildi eldri löggjöf eftir því sem þörf krefur. Samtökin taka undir athugasemdir sem koma fram í greinargerð við frumvarpið um að fyrirkomulag eftirlits verði samhliða endurmetið og einfaldað en það er nú í höndum margra aðila. Samtökin óska eindregið eftir að fá að taka þátt í þeirri vinnu.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í 5. gr. er fjallað um skráningarskyldu efna. Samkvæmt REACH skal framleiðandi eða innflytjandi skrá efni sem hann flytur inn eða framleiðir í meira magni en eitt tonn á ári. Orðalag 5. gr. er þannig að skyldan tekur til efna sem flutt eru inn eða framleidd á Evrópska efnahagssvæðinu öllu í meira magni en sem nemur einu tonni á ári. Lagt er til að orðalagi sé breytt þannig:

*„Framleiðandi eða innflytjandi efnis,....., sem framleiðir eða flytur það inn ..... í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu.“*

Á þennan hátt er skýrt að magnið, eitt tonn á ári, á við um hvern framleiðanda eða innflytjanda fyrir sig.

Í 8. gr. er misræmi í orðalagi þar sem heimild á eingöngu við um markaðssetningu en bann nær til framleiðslu, innflutnings, markaðssetningar og notkunar. Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að heimild og bann eigi við um sömu hluti.

Samkvæmt 8. gr. verður óheimilt að flytja inn, markaðssetja eða nota efni sem ekki hefur verið skráð eftir 1. júní. Lagt er til að sett verði bráðabirgðarákvæði sem heimilar innflutning og markaðssetningu efna eins og verið hefur á meðan skráningarferlið stendur yfir og heimilar einnig að fyrirbyggjandi birgðir verði markaðssettar og notaðar eftir þann tíma.

Í greinargerð um 10. gr. er tekið fram að heimilt verði að stöðva innflutning efna í tolli ef þær koma frá ríkjum utan EES-svæðisins. Þessi heimild er ekki í lagagreininni sjálfri þar sem eingöngu er mælt fyrir um markaðseftirlit og aðgerðir á markaði, enda er það í samræmi við almennar athugasemdir um frumvarpið þar sem segir:

„Eftirlit á markaði er svo einungis eftirfarandi markaðseftirlit, þar sem gerðar eru úrtaksprófanir og brugðist við kvörtunum sem upp koma og vara þá innkölluð ef hún er ekki í samræmi við grunnkröfur.“

Lagt er til að þingnefndin hnykki á þessum skilningi við afgreiðslu málsins.

Í greinargerð með 10. gr. er sagt að áformað sé að Umhverfisstofnun geri eftirlitsáætlun í samráði við eftirlitsaðila sem og atvinnulíf og hagsmunaaðila. Samtökin fagna því að löggjafinn ákveði að samráð sé haft um þessa vinnu, enda bætir slíkt samstarf eftirlit og gerir það markvissara.

Samtökin mótmæla 2. mgr. 12. gr. um hlutlæga ábyrgð framleiðenda og innflytjenda. Kveðið er á um að sekt á lögaðila megi ákvarða þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra. Þetta eru íþyngjandi ákvæði í svo víðtækri löggjöf sem fjallar ekki nema að hluta um hættuleg efni. Lagt er til að málsgreinin falli brott. Ekki er gerð grein fyrir ástæðum svo íþyngjandi refsíákvæða í greinargerð en þar segir einungis að refsiramminn sé sami og í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Sambærileg ákvæði er ekki að finna þar.



---

Pétur Reimarsson  
Samtök atvinnulífsins



---

Bryndís Skúladóttir  
Samtök iðnaðarins



---

Sigurður Jónsson  
SVP-Samtök verslunar og þjónustu